

Nd.  
um grunnskóla.

## 901. Frumvarp til laga

[9. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. maí.)

Samhljóða þskj. 676 og 879 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961.

Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t.d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Fræðsluráð skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum vikja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

18. gr. hljóðar eins og hún er á þskj. 676 (ekki eins og hún er á þskj. 879).

22. gr. hljóðar svo:

Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar velja árlega, og kys það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.

Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétt, nema þegar rædd eru málefni einstakna nemenda.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að níu ára skólaskyldu, þannig að Alþingi gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði.